



Alþingi
Erindi nr. P 132/175
komudagur 25.11.2005

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík


Seltjarnarnesi, 24. nóvember 2005
2005110141/91/SG/gh

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að undanþágur á hámarksvinnutíma lækna í starfsnámi verði felldar niður, í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2003/88/EB. Aðalreglur tilskipunar um vinnutíma munu því gilda um vinnutíma lækna í starfsnámi, verði frumvarpið að lögum. Þar er lagt til að hámarksvinnutími verði samkvæmt venjulegum reglum frá miðju ári 2009, en breytist í þrepum þangað til. Hér er séð fyrir endann á mjög löngu ferli. Leiða má að því líkum að ein af ástæðum undanþágu frá hámarksvinnutíma lækna hafi verið fjárhagslegar en eigi að síður hefur fleira komið til. Þar má fyrst nefna tiltekin sjónarmið um nauðsyn viðveru hjá sjúklingum til að fá næga yfirsýn yfir hvert einstakt tilvik og samfellu. Þetta hefur reyndar verið einn af hornsteinum framhaldsnáms lækna um rúmlega aldarskeið. Með nýjum sjónarmiðum hefur þetta að sjálfsögðu breyst og verðum við því að gera enn meiri kröfur til þeirra okkar sem að framhaldsnámi lækna koma um að gæðum þess verði haldið á lofti þrátt fyrir minni tíma sem til þess er ætlaður.

Í ljósi þessa er mjög tekið undir efni frumvarpsins og vonast landlæknir til að það verði að lögum. Eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er mjög erfitt að segja til um hver aukin mannaflapörf verður á næstu árum vegna vinnutímatilskipunarinnar en telja verður þó að aukning um 10 stöður unglækna á ári sé mjög varlega áætluð, ekki síst vegna þess að hér mun bæði verða horft til starfsnáms á sjúkrahúsum og heilsugæslu í framtíðinni.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir